

Byggingarfulltrúi hefur eftirfarandi gögn að leiðarljósi í samskiptum sínum við þá aðila sem að byggingarframkvæmdum koma.

- Lög um mannvirki nr. 160/2010
- Byggingarreglugerð nr. 120/2012
- Skipulagsskilmálar viðkomandi svæðis

Umsóknir um byggingarleyfi eru rafrænar í gegnum íbúagátt Mýrdalshrepps. Umsóknaraðili þarf að hafa rafræn skilríki.

Með umsókn um byggingarleyfi þurfa eftirfarandi gögn að fylgja:

1. Aðaluppdrættir (í tvíriti) ásamt byggingarlýsingu/greinargerð á rafrænu formi eða pappír samkvæmt ákvörðun leyfisveitanda.
2. Tilkynning um hönnunarstjóra mannvirkis.
3. Samþykki meðeigenda eða annarra aðila eftir atvikum.
4. Önnur gögn sem leyfisveitandi telur nauðsynleg vegna afgreiðslu umsóknar, s.s. umsögn Slökkviliðs, Vinnueftirlits eða annarra eftirlitsaðila, gögn sem sýna fram á réttindi hönnuða, eignarheimildir o.s.frv.
5. Skráningartafla vegna nýrra mannvirkja svo og vegna breytinga á stærð eða breytinga á eignarmörkum eldri mannvirkja.
6. Séruppdrættir og deiliuppdrættir ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum.
7. Staðfesting byggingarstjóra um ábyrgð á viðkomandi framkvæmd.
8. Staðfesting iðnmeistara um ábyrgð á viðkomandi verkþáttum.
9. Yfirlit hönnunarstjóra um innra eftirlit við framkvæmd hönnunar og ábyrgðarsvið einstakra hönnuða.

Gjaldskrá fyrir þjónustu, leyfisveitingar og afgreiðslu vegna skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi.

Samkvæmt gr. 2.7.1 í byggingarreglugerð ber eigandi ábyrgð á því að við hönnun og framkvæmdir mannvirkis sé farið að kröfum laga um mannvirki og reglna byggingarreglugerðar.

Áfangaúttektir

Byggingarstjóri mannvirkis skal fyrir hönd eiganda þess sjá til þess að áfangaúttektir fari fram. Byggingarstjóra er skylt að vera viðstaddur áfangaúttektir. Enn fremur skal iðnmeistari eða sá sem hann tilnefni í sinn stað vera viðstaddur úttekt á þeim verkþáttum sem eru á hans ábyrgðarsviði, nema um annað sé samið í samningi milli iðnmeistara og eiganda. Áfangaúttektar skal óskað við eftirlitsaðila með minnst sólarhrings fyrirvara.

Fokheldisúttekt

Byggingarstjóri getur farið fram á sérstaka úttekt eftirlitsaðila á byggingastigi húss, t.d. þegar það er fokhelt.

Öryggisúttekt

Þegar mannvirki er tekið í notkun skal gerð úttekt á öryggi þess og hollustuháttum í samræmi við ákvæði skoðunarhandbókr og skoðunarlista. Óheimilt er að flytja inn í mannvirki eða taka það í notkun nema það uppfylli öryggis- og hollustukröfur laga um mannvirki, og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, ásamt því að leyfisveitandi hafi gefið út vottorð um öryggisúttekt. Byggingarstjóri eða eigandi mannvirkis skal óska eftir öryggisúttekt áður en mannvirkið er tekið í

notkun. Leyfisveitandi skal að lokinni öryggisúttekt afhenda eiganda eða byggingarstjóra undirritað vottorð um að úttekt hafi farið fram.

Lokaúttekt

Þegar mannvirkjagerð er lokið og innan þriggja ára frá því að mannvirki var tekið í notkun og öryggisúttekt fór fram skal gera lokaúttekt á því í samræmi við ákvæði skoðunarhandbókar og skoðunarlista. Byggingarstjóri skal fyrir hönd eiganda mannvirkis óska eftir lokaúttekt, ásamt því að skila tilskyldum gögnum um verklok. Eigandi mannvirkis getur einnig óskað eftir því að lokaúttekt sé gerð. Heimilt er að gera samtímis öryggis- og lokaúttekt.